

Ed.

236. Frumvarp til laga

[116. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

84. gr. orðist svo:

Nú verður breyting á grunnkaup-taxta verkamanna við almenna fiskvinnu, og er þá ráðherra heimilt, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að breyta upphæðum bóta samkvæmt lögum þessum í samræmi við það.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að ákveða, að greidd skuli 5% uppbóta á elli- og örorkulífeyri á tímabilinu frá 1. júlí 1964 til gildistöku laga þessara.

Uppbót þessi skal greidd með bótagreiðslum fyrir júlímánuð 1965.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Bætur almannatrygginga hafa jafnan verið samræmdar almennum launahækkunum og þá ýmist verið miðað við almennt verkamannakaup eða laun opinberra starfsmanna. Síðan kjaradómur gekk um laun opinberra starfsmanna, hafa bætur þó verið samræmdar verkamannakaupi. Í stað þess að verða að breyta lögnum í hvert skipti, sem breytingar verða á grunnkaupi, virðist hagkvæmara að hafa almenna heimild til slíks í lögnum. Slíka heimild er að finna í lögum um atvinnuleysistryggingar (sjá 2. gr. laga nr. 4 13. febrúar 1959). Nokkuð álitamál getur verið, við hvaða kaup-taxta heimild af þessu tagi á að miðast. Hér er lagt til að miðað verði við þá tegund verkamannavinnu, sem algengasta má telja hér á landi, þ. e. almenna fiskvinnu. Hefði ráðherra þá heimild til að breyta upphæðum bóta í samræmi við breytingar á grunnkaup-taxta verkamanna við almenna fiskvinnu. Með grunnkaup-taxta er þá átt við alla þrjá þætti kaup-taxtans, þ. e. dagvinnutaxta, eftirvinnutaxta og næturvinnutaxta. Ef innbyrðis afstaða þessara þátta kaup-taxtans breytist, yrði breyting hans að mælast sem breyting vegins meðaltals þáttanna þriggja. Þyngd hvers þáttar í meðaltölnni yrði þá að vera í sem heztu samræmi við raunverulega skiptingu vinnutímans hjá verkamönnum í fiskiðnaði á hverjum tíma.

Um verðlagsuppbót á bætur fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 63 14. desember 1964, um verðtryggingu launa, sjá 1. gr. þeirra laga. Ákvæði 2. mgr. 1. gr. er samhljóða 84. gr. laganna eins og hún er nú.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir er lagt til með ákvæði til bráðabirgða, að ráðherra verði heimilað, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að ákveða, að 5% uppbót verði greidd á elli- og örorkulífeyri frá 1. júlí 1964 til gildistöku laga þessara, en áætla má, að hækkun grunnkaupstaxta við almenna fiskvinnu á árinu 1964 eins og sú hækkun er skilgreind hér að framan, hafi einmitt verið um 5%, þegar tillit er tekið til sérstakrar hækkunar vikukaups. Elli- og örorkubætur nema ca. 450 millj. króna á árinu 1964 og kostnaður stofnunarinnar vegna þessa ákvæðis mun því nema ca. 34 millj. króna miðað við tímabilið 1. júlí 1964 til 31. des. 1965. Þar eð iðgjöld og framlög hafa nú verið ákveðin fyrir árið 1965, verður fyrst unnt á árinu 1966 að jafna halla þann, sem verður hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna uppbótarinnar. Vert er að vekja athygli á því að ef heimild sú, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, verður notuð til þess að hækka allar bætur, frá gildistöku laganna, mun halli stofnunarinnar á árinu 1965 verða allmiklu hærri en 34 millj. króna.